



Áfanganúmer: SAGA3AA04

Prep: 3

Einingar: 4

Forkröfur: SAGA2EÍ08 og SAGA2MÍ04

Lýsandi heiti: Þættir úr Íslandssögu og mannkynssögu 20.- 21. aldar.

Áfangalýsing:

Byggt er að nokkru leyti á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda, heimildaleit, verkefnavinnu, úrvinnslu og framsetningu efnis. Farið er í valda þætti úr mannkyns- og Íslandssögu 20.-21. aldar.

Í mannkynssögu liggja til grundvallar 7 efnisflokkar og miðað er við að kennari velji a.m.k. 6 efnisflokka til umfjöllunar. Þeir eru: a) Lýðræðispróun á 20. öld; b) Þjóðríki og þjóðernisstefna; c) Árin milli heimsstyrjalda; d) Síðari heimsstyrjöld; e) Kalda stríðið; f) ófriður í Miðausturlöndum; g) Heimurinn á 21. öld.

Í Íslandssögu liggja til grundvallar 6 efnisflokkar og miðað er við að kennari velji a.m.k. 4 til umfjöllunar. Þeir eru: a) Sjálfstæðisbaráttan og stjórnmalapróun; b) Atvinnuþróun á 20. öld; c) Millistríðsár og seinni heimsstyrjaldarár á Íslandi; d) Öryggis- og varnarmál Íslands á 20. öld; e) Saga Íslands eftir seinni heimsstyrjöld; f) Saga Íslands á 21. öld.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- mikilvægum þáttum Íslandssögu 20. aldar, m.a. í sjálfstæðisbaráttu, stjórnmalasögu, atvinnusögu og efnahagssögu
- mótun íslensks nútímaþjóðfélags
- grunnþáttum íslensks samfélags, bakgrunni þess og uppbyggingu, og grundvallaratriðum íslenskrar stjórnskipunar
- almennum mannréttindum í lýðræðisþjóðfélagi
- völdum þáttum mannkynssögu 20.-21. aldar
- þeim atriðum sem mótað hafa sögu Íslands í innlendu og alþjóðlegu samhengi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa flóknari sagnfræðilega texta á íslensku og ensku og túlka merkingu þeirra
- tengja nútímasamfélag við fortíðina og geti lýst sögulegri þróun og framvindu
- meta gildi og áreiðanleika heimilda og nýta fjölbreytni þeirra
- tjá sig munnlega og skriflega um flókin söguleg viðfangsefni
- að þjálfa, viðhalda og styrkja markmið fyrri námsþrepa
- að kynna sögulegt efni fyrir jafningjum af töluverðri dýpt
- fjalla um samhengi Íslandssögu og nágrannalanda

Hæfniviðmið
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
• koma söguþekkingu sinni og söguskilningi á framfæri með þroskuðum hætti • fá dýpri skilning á grundvallarhugtökum í nútímalegu lýðræðisþjóðfélagi • þekkja stjórnmálaleg hugtök og stjórnmálastefnur sem fram komu á 19. og 20. öld • geta tekið þátt í flóknum skoðanaskiptum og rökræðum um sagnfræðileg efni

Mat á hæfniviðmiðum
• þátttaka í umræðum og verkefnavinnu í kennslustundum • nemendafyrirlestrar og skrifleg afurð úr efni þeirra • hluta-, jóla- og lokapróf